

Skútustaðahreppur
Hlíðavegi 6
660 Mývatn

Reykjavík, 21. júní 2022
UST202205-244/Þ.V.B.
09.07.01

Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi - Geirastaðir og Nónberg - setlögn

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Skútustaðahrepps, dagsett 15. maí 2022 með viðbótargögnum 14. júní 2022, um leyfi til framkvæmda innan verndarsvæðisins Mývatn og Laxá.

Mývatn og Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu eru vernduð með lögum nr. 97/2004. Markmið laganna er að varðveita líffræðilega fjölbreytni, jarðmyndanir og landslag svæðisins. Í 17. gr. reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu segir að leita skuli leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hverskonar framkvæmdum og hvers konar starfsemi á verndarsvæðinu sem getur haft áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag svæðisins.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til að setja upp varmadælu við Geirastaði og Nónbjarg. Með umsókn fylgdi kort sem sýnir hvar dæluverður komið fyrir í lind milli Geirastaða og Nónbjargs. Grafa þarf í lindina til að koma fyrir safnlögn fyrir varmadæluna. Stærð svæðisins er um 3x6 metrar og þarf að grafa lögnina niður um 2,5 metra. Áætlað er að verkið sjálf (gröfturinn) taki u.þ.b. 2 daga og verður unnið á milli 1. júní - 1. nóvember. Allt verkið (uppsetning varmadælu og frágangur) getur þó staðið yfir í allt að 2 mánuði. Staðsetning fyrir dæluna var valin út frá því að sem minnst muni bera á henni en rennsli ætti að duga til að skaffa nægan varma. Um er að ræða áður raskað svæði. Eftir að keflunum hefur verið komið fyrir í lindinni verður timburfleki lagður yfir rörin til að hlífa þeim. Nánari upplýsingar um kælivökvan og lýsing á búnaði varmadælu komu frá umsækjanda 14. júní. Að verkinu kemur einn ráðgjafi um varmadælu, einn verktaki á gröfu, einn starfsmaður á vegum sveitarfélagsins og fjórir heimamenn.

Umsagnir:

Í samræmi við 17. gr. reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu óskaði Umhverfisstofnun umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúrurannsóknarstöðvarinnar við Mývatn þann 7. júní 2022 vegna framkvæmdarinnar. Umsögn Náttúrufræðistofnunar barst þann 14. júní 2022. Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við að leyfið sé veitt en huga þarf að því að engin hætta sé á að óæskileg efni berist út í lindasvæðið og nálægt umhverfi og að öllu raski sé haldið í lágmarki. Umsögn Náttúrurannsóknarstöðvarinnar barst þann 13. júní 2022. Í umsögn Náttúrurannsóknarstöðvarinnar kemur fram að ekki verði séð að í þessu tilfalli verði mikið rask af framkvæmdinni, en vegna þess að svipaðar framkvæmdir eru fyrirhugaðar víðar við Mývatn og lindir eru mikilvægar á verndarsvæðinu er æskilegt að

fyrir liggja (1) lýsing eða mynd af þeim búnaði sem um ræðir, (2) hvers konar efni er í kerfinu (mengunarhætta?) og (3) hvaða áhrif eru á vatnshita í lindum sem nýttar eru með þessum hætti.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á náttúrufar og verndargildi svæðisins sé farið eftir skilyrðum leyfisins. Þau efnasambönd sem notuð eru í varmadælukerfinu eru ekki talin hættuleg lífríki í vatni fari svo að þau sleppi út úr kerfinu.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Skútustaðarhrepp fyrir sitt leyti leyfi fyrir uppsetningu á varmadælu innan verndarsvæðisins Mývatn og Laxá sbr. lýsingu hér að ofan frá dagsetningu þessa bréfs til 1. nóvember 2022 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Einungis skal aka vinnuvélum vegna framkvæmdarinnar að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast, sem stuðlar að náttúrulegu útliti.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkisins og ef notkun þess er hætt skal það fjarlæggt.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Kristín Ósk Jónasdóttir
teymisstjóri

Ragnheiður Björk Sigurðardóttir
svæðissérfræðingur